

Félag atvinnurekenda



Matartollar
Verndarstefna eða samkeppni
og valfrelsi neytenda?

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Matartollar – kynning á nýrri skýrslu

Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri
21. október 2015

Af hverju er maturinn ekki með?

- FA fagnar aðgerðum stjórnvalda á kjörtímabilinu til að draga úr skattlagningu á neysluvörur. Gömul baráttumál félagsins í höfn.
 - Vörugjöldin afnumin í byrjun árs 2015
 - Stefnt að niðurfellingu tolla á föt og skó um næstu áramót
 - Allir tollar af öðrum vörum en mat verði farnir í ársbyrjun 2017
- Matvælainnflutningur einn undanskilinn. Þar ráða sterkir sérhagsmunir í landbúnaði.

Rökin fyrir afnámi tolla

- Röksemdirnar fyrir því að afnema tolla koma fram í skýrslu starfshóps fjármálaráðherra sem fékk það verkefni að gera tillögur um afnám annarra tolla en á mat:
 - Viðskipti á milli þjóða hafa áhrif á heildarábata þeirra
 - Neytendur græða; vöruúrval eykst og verð lækkar vegna meiri samkeppni
 - Í skjóli tolla geta innlendir framleiðendur hækkað verð
 - Á endanum tapa allir. „Álagning tolla rýrir þannig hagkvæmustu ráðstöfun takmarkaðra framleiðsluþátta.“
- Engin önnur lögmál gilda um mat en aðrar vörur. Það var hins vegar skýrt tekið fram að starfshópurinn ætti ekki að fjalla um matartolla

Talað fyrir daufum eyrum

- Stjórnvöld hafa skipulega hunsað fjölda skýrslna, tillagna og tilmæla sem unnin hafa verið á þeirra eigin vegum og miða að því að lækka eða afnema tolla á mat. Nokkur dæmi:
 - » Hagfræðistofnun Íslands 2004
 - » Samkeppniseftirlitið 2005
 - » Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri 2006
 - » Samráðsvettvangur um aukna hagsæld 2013
 - » Samkeppniseftirlitið 2015



Óhagkvæmt skömmtunarkerfi

- Ólíkt öðrum vörum er viðhaft skömmtunarkerfi á innflutningi á mat á viðráðanlegum tollum, svokallað tollkvótakerfi. Takmarkað magn flutt inn á lágum eða engum tolli skv. samningum við WTO og ESB.
- Stjórnvöld túlka þessar innflutningsheimildir ævinlega þröngt.
- Veldur fyrirtækjum margs konar óhagræði, skeykir samkeppni og bitnar á hagsmunum neytenda



Óhagkvæmt skömmtunarkerfi frh.

- Stærð tollkvótanna tekur ekki mið af vaxandi innanlandsneyslu
- Útboðsgjald felur í sér aðgangshindranir fyrir smærri fyrirtæki
- Útboðsgjaldið hækkar verð til neytenda, étur stundum upp ávinning tollfrelsisins
- Skakkaföll, t.d. verkfallið hjá MAST, geta leitt til þess að fyrirtæki geta ekki fullnýtt tollkvótann
- Fyrirtæki sem þurfa erlend hráefni í framleiðslu sína geta ekki stólað á að fá kvóta nema bjóða hátt
- Útgáfa opins tollkvóta vegna skorts er ófyrirsjáanleg og matskennd – spilar sérkennilega saman við útgáfu tollkvóta vegna alþjóðasamninga
- Hefur tekið ráðuneytið upp undir ár að afgreiða umsóknir um opinn tollkvóta vegna skorts

Leysir samningur við ESB málið?

- Stórt og mikilvægt skref í að auka verslunarfrelsi og samkeppni í viðskiptum með búvörur
- Samt takmörkuð aðgerð



- Nær til 28 ríkja af 161 aðildarríki WTO. Áfram ofurtollar á viðskiptum við marga helstu útflytjendur matvöru, t.d. Suður-Ameríkuríkin, Bandaríkin, Nýja Sjáland o.fl.
- Tollfrjálsir innflutningskvótar takmarkað hlutfall af innanlandsneyslu, 10-16%.

Tollarnir í ýmsum tilvikum áfram háir; tollur á frönskum kartöflum fer t.d. úr 76% í 46%. Tollur á smjör og jógúrt lækkar ekki neitt.

Innflutningurinn er nauðsyn

Kjöttegund	Hlutfall innanlandsframleiðslu 2014	Hlutfall tollverndar í innflutningsverði 2013
Nautakjöt	33,3%	26,2%
Alifuglakjöt	18,8%	49,9%
Svínakjöt	14,7%	31,6%



- Framleiðsla nautakjöts, alifuglakjöts og svínakjöts annar engan veginn innanlandseftirspurn
- Innflutningurinn er nauðsyn til að tryggja fæðuöryggi, af hverju er hann þá gerður óþarflega dýr?

Hvað vernda tollar?

- **Tryggir tollverndin fæðuöryggi?** Ef upp kæmu aðstæður þar sem ekki væri hægt að flytja mat til landsins væri ekki heldur hægt að flytja inn vélar, olíu, áburð og fóður sem notað er í landbúnaði.
- **Annar íslenskur landbúnaður eftirspurn?** Já, eftir mjólkurvörum og kindakjöti. Framleiðsla nautakjöts, alifuglakjöts og svínakjöts nær hins vegar ekki að mæta vaxandi eftirspurn, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna. *Íslenskur landbúnaður getur ekki tryggt fæðuöryggi þjóðarinnar.*
- **Eru tollarnir nauðsynlegir til að vernda hefðbundinn landbúnað og dreifðar byggðir?** Gríðarlegir tollar eru lagðir á afurðir sem framleiddar eru í verksmiðjubúum, sem flest eru í grennd við þéttbýli. Alls konar búvörur sem eiga sér enga samsvörun í íslenskri framleiðslu eru tollaðar upp í topp.

Myndin er flóknari en margur heldur

Það er alls ekki svo að allir matartollarnir séu nauðsynlegir til að vernda hefðbundinn landbúnað á Íslandi. Svimandi háir tollar eru lagðir á vörur sem koma hefðbundnum íslenskum landbúnaði ekkert við og/eða eru alls ekki framleiddar á Íslandi, og þá lítið af þeim.



Hefðbundin framleiðsla



Óhefðbundinn landbúnaður
lönaðarframleiðsla

Annar innanlandseftirspurn

Sauðfjárafurðir
Afurðir úr kúamjólki



Annar ekki innanlandseftirspurn

Nautakjöt



Alifuglakjöt
Svínakjöt
Franskar kartöflur
Kartöflusnakk
Fyllt pasta
Bökur, pítsur
Ostar úr öðru en kúamjólki
Ís úr sojamjólki

Hvað vernda
tollar á þessar afurðir?

Ekki er hægt að setja alla tolla á matvörur undir sama hatt.

Tillögur um afnám tollverndar

- Tillögur FA í samræmi við tillögur Samráðsvettvangsins:
 - Almennir tollar á landbúnaðarvörur verði lækkaðir um 50%. Hefðbundinn landbúnaður nýtur áfram verndar en samkeppni eykst
 - Tollar á svína- og alifuglakjöti verði afnumdir að fullu. Viðkomandi greinar þurfa að bregðast við með því að hagræða og auka framleiðni eða keppa á grundvelli gæða
 - Tollar á öðrum vörum, sem ekki keppa við innlenda framleiðslu, verði afnumdir að fullu. Ostar, villibráð, pitsur, bökur, pasta, franskar kartöflur, kartöflusnakk, sætar kartöflur

Áhrif af afnámi tollverndar



Varfærið mat Rannsóknaseturs verslunarinnar:

- Svínakjöt myndi lækka um 16%
- Alifuglakjöt myndi lækka um 25%
- Nautakjöt myndi lækka um tæp 9%
- Unnar kartöfluvörur myndu lækka um tæp 28%

